

Ed.

530. Frumvarp til laga

[118. mál]

um breyting á raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Aftan við 35. gr. laganna bætast nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Einnig er heimilt að veita úr raforkusjóði einstökum bændum, er reisa á heimilum sínum rafstöðvar, reknar með vélaafli (mótorstöðvar), lán til átta ára með $2\frac{1}{2}\%$ ársvöxtum, og jöfnum afborgunum og veði í aflvélinni og fasteign, sem raforkuráð tekur gilt, og má lánið vera allt að $\frac{3}{5}$ af kostnaðarverði aflvélarinnar.

Lán þetta veitist því aðeins, að stöðin sé minnst 4 kílóvött og ekki séu fyrir héraðsrafveitur á því svæði og ekki líkur til, að þær verði reistar á næstu árum á þeim slóðum, þar sem þeir bæir eru, sem menn vilja raflýsa eftir þessari grein, og enn fremur, að ekki sé aðstaða til vatnsvirkjunar til raflýsingar á jörðinni.

Lán þessi ákveður ráðherra að fengnum tillögum raforkuráðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.